

ANTIKA EHF 2020

Hvammur og Hvammsvík

Uppmælingar og endurmat á fornleifaskráningu
vegna breytinga á deiliskipulagi

Ragnheiður Traustadóttir





Mynd 1 Festing fyrir mastur ? á Hvammsbólum rétt hjá eldri stjórnstöðinni.

Forsíðumynd: Leifar af bryggjunni sem var í Bátsmýrinni.

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf

ISBN númer: 978-9935-9509-2-5

Ljósmyndir í ritinu frá árinu 2020 eru teknar af Völu Garðasdóttur og flygildismyndir af Ómari Vali Jónssyni.

@ Ragnheiður Traustadóttir

Efnisyfirlit

Myndaskrá	7
Inngangur	10
Fornleifaskráningar	12
Skráningarsvæðið	14
Svæðislýsing og staðhættir	14
Tilgangur fornleifaskráningar	16
Fornleifaskráning og aðferðir	20
Minjanúmer	20
Tegund, hlutverk og heiti	20
Staðsetning	21
Staðhættir og lýsing	21
Hættumat	21
Fornleifar á svæðinu	22
Hvammur	23
Bæjarhóll [500] bæjarhóll	28
Kirkja [501] heimild	29
Útihús [502] heimild	29
Útihús [503] heimild	29
Útihús [504] heimild	29
Útihús [505] heimild	30

Úithús [506] heimild.....	30
Útihús [507] heimild	30
Útihús [508] heimild.....	30
Útihús [509] GK-353:009 útihús	30
Útihús [510] tóft	31
Sjóbúðir- Útihús [511] tóft	32
Óþekkt – útihús? [608] tóft.....	32
Naglastaðir býli og sel [514] heimild	33
Ásmundarstaðir – tómthús [515] heimild.....	33
Sauðhóll- fjárrétt [516] hleðslur	34
Kringlumýri [519] mógrafir.....	35
Kálgarðar [521][649][650] heimild	36
Kennimark við Svörtukletta [522] varða	36
Gerði [523] tóft.....	37
Orustuföt [524]	38
Þjóðleið [525] gata.....	39
Stekkjarlækur [526] heimild.....	40
Selveita [527] heimild	40
Kænuhamar [528] uppsátur	40
Fiskibyrgi [569] hleðslur	41
Naust-skiparétt [570] tóft.....	42

Lending [513] heimild	43
Hringur – gerði [529] heimild	43
Hóltóft [530]	43
Kvíaföt [531] heimild	43
Haugsmýri [533] heimild	43
Bessastekkur [537] tóft stekkur	44
Fjárborg [538] heimild	45
Landamerki varða [541] heimild	45
Landamerki – varða [542] heimild	45
Landamerki - varða [543] heimild	45
Landamerki - varða [544] heimild	45
Bullhóll [552] heimild um huldufólksbústað	46
Asklok [558] heimild um huldufólksbústað	46
Garður – túngarður [615] garðlag	47
Óþekkt hlutverk [616] tóft	48
Hvammsvík	49
Bæjarhóll [620] bæjarhóll	50
Útihús [621] heimild	51
Útihús [622] heimild	52
Útihús [623] heimild	52
Útihús [624] heimild	52

Útihús [625] heimild.....	52
Útihús [627] heimild.....	52
Kálgarður [646] heimild	53
Kapratættur [629] tóft.....	53
Mómýri – rista mógrafir [631] heimild	54
Torfahóll [632] heimild um torftöku	54
Kálgarður [646] heimild	54
Traðir [647] slóði.....	54
Útihús [652] þústir.....	55
Stríðsminjar	56
Herbúðir Castle Hill Breta.....	62
Stríðsminjar Hvammshöfða.....	64
Sjómannahéimili [549] húsgrunnur	64
Braggar Hvammshöfða [637-638-639] og gata [642]	65
Samantekt	66
Heimildir	70
Kort og landamerkjaskrár	71
Árnastofnun - Örnefnasafn	71

Myndaskrá

Mynd 1 Festing fyrir mastur ? á Hvammshólum rétt hjá eldri stjórnstöðinni.....	2
Mynd 2 Yfirlitsmynd af svæðinu, en fyrirhugaðar eru breytingar við jörðina Hvammsvík og þar sem fyllti rauði liturinn er á loftmyndinni.....	13
Mynd 3 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Kjósarhreppi.....	14
Mynd 4 Skráningarform í Kjósarhrepps grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.....	19
Mynd 5 Örnefnakort eftir örnefnalýsingum. Kortagerð Ómar Smári Ármannsson.....	22
Mynd 6 Yfirlitskort rauðir punktar eru fornleifar og bláir punktar herminjar.	22
Mynd 7 Húsin á Hvammi í dag og Hvammsvík er húsið sem er lengst til vinstri á myndinni.	23
Mynd 8 Bæjarhúsin í Hvammsvík og Stjórnstöðin lengst til vinstri á Hvammshólum.	26
Mynd 9 Bæjarhúsin á Hvammi og minjar í Hvammstúni.	28
Mynd 10 Útihús [510] við vegaslóðann við Grafarós.....	31
Mynd 11 Sjóbúðir – útihús [511] við Grafarós og tóft eða herminjar [608] lengst til hægri á myndinni.....	32
Mynd 12 Sauðhóll fjárrétt [516].....	34
Mynd 13 Mógrafir [519] í Kringlumýri.	35
Mynd 14 Útihúsin í Hvammi á túnakorti frá 1917. Staðsetning þeirra er ekki nákvæm í mælingum.....	36
Mynd 15 Leifar af vegghleðslum naust-skiparétt á Draganesi [570].....	37

Mynd 16 Orustufliót fremst á myndinni, til vinstri á hæðinni er stjórnstöðin [640], síðan bæjarhúsin á Hvammi og til hægri bæjarhúsin í Hvammsvík.....	38
Mynd 17 Þjóðleiðin er vel greinaleg á vettvangi en hérna sést hvernig hún hefur legið á korti. Það má sjá tvær hestaleiðir að Hvammi og Hvammsvík og svo heimreið alveg niður við sjó.39	
Mynd 18 Fiskibyrgi [569] fallið byrgið ofan á kletti úti á Dragnesi.....	41
Mynd 19	42
Mynd 20 Bessastekkur	44
Mynd 21 Garður – túngarður [615] í Hvammstúni.....	47
Mynd 22 Tóft, torf og grjóthlaðið veggjarbrot [616].....	48
Mynd 23 Bæjarstæði í Hvammsvík myndin er tekin árið 2012.....	49
Mynd 24 Útihúsin frá Hvammsvík á túnakortinu frá 1917. Þau eru öll horfin.....	51
Mynd 25 Ógreinilegar hleðslur og dæld sem gætu verið leifar af Kapratættum [629]. Myndin er tekin árið 2012.....	53
Mynd 26 Þúst [652] þarna eru hugsanlegar leifar af útihúsi.....	55
Mynd 27 Yfirlitskort sem sýnir vel hvað mikið er varðveitt af herminjum á jörðunum.....	56
Mynd 28 Stjórnstöð [564] breska flotans á Hvammshólum byggt árið 1941, seinna var stjórnstöðinn færð og nýtt hús [640] byggt sunnan við þennan. Það hús stendur ennþá.	57
Mynd 29 Yfirlitskort af herminjum við Bátsmýrina.....	58
Mynd 30 Minjar við Bátsmýri líklega eru þetta leifar af skotfærageymslum [597] sem voru niður grafin hús.	59
Mynd 31 Stórir herskálar frá Falcon Camp fyrir neðan mógrafirnar í Kringlumýri. Efst á myndinni er skáli [594], [593] og [614].....	59
Mynd 32 Stórir herskálar niður við sjó hjá Bátsmýrinni.....	60

Mynd 33 Hvammshólar – Castle Hill, en þarna eru meðal annars minjar frá eldri Stjórnstöðinni áður en hin nýja var byggð en það hús stendur ennþá. Það má sjá líka leifar af öðrum húsgrunnum.	62
Mynd 34 Braggagrunnur [581] á Hvammshólum.	63
Mynd 35 Braggagrunnur [581] á Hvammshólum.	64

Inngangur

Að beiðni Skúla Mogensen, eiganda jarðanna, tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikvu ehf., að sér að skrá fornleifar vegna breytingar á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur sem Landmótun ehf. vinnur að.

Í gildi er deiliskipulag frá árinu 2000 en fyrirhugaðar breytingar á skipulaginu eru á tveimur svæðum í túninu í kringum Hvammsvík og við ströndina í Bátsmýri. Byggingarreitir eru fyrirhugaðir austan við Hvammsvíkurbæinn en við Bátsmýri er fyrirhugað þjónustuhús og baðaðstaða en þar er fyrir náttúrulaug.

Samkvæmt Landnámabók¹ er Hvammur landnámsjörð en Hvammsvíkur er fyrst getið sem hjáleigu á 17. öld.² Búskapur var stundaður á jörðunum fram á áttunda áratug þessarar aldar en stakir skikar höfðu verið seldir eða leigðir undir sumarbústaði. Frá árinu 1986, þegar fiskeldisfyrirtækið Laxalón hf. keypti jarðirnar, hefur verið þar aðstaða til golfiðkunar og stangveiði auk þess sem hestaleiga var rekin þar um nokkurt skeið. Svæðið var vel þekkt sem útivistarsvæði fyrir almenning og fjölsótt, einkum á sumrin. Hitaveita Reykjavíkur eignaðist síðan jarðirnar og áfram var svæðið nýtt sem útivistarsvæði. Skúli Mogensen keypti síðan jarðirnar 2011 með það í huga að nýta jörðina áfram fyrir ferðamenn og sem útivistarsvæði en breytingar á deiliskipulaginu nú eru hluti af því markmiði.

Þrátt fyrir að breytingar á skipulaginu nái aðeins yfir hluta af landsvæði jarðanna, þá voru allar minjar mældar upp sem hafa verið skráðar í eldri fornleifaskráningum. Eina minjasvæðið sem ekki var mælt upp er úti í Hvammshöfða en þar er að finna fornt gerði og húsgrunna frá veru hersins. Fyrri fornleifaskráning var notuð við gerð þessar skýrslu og þó að einhverju hafi verið bætt við eða breytt standa eldri lýsingar á minjastöðunum að mestu.

Við þessa fornleifaskráningu voru einnig allar herminjar mældar upp og skráðar, því þó þær teljist ekki til fornleifa í skilningi þjóðminjalaga er mikilvægt að skrá þær. Það kom á óvart

¹ Íslensk fornrit I, Reykjavík 1993, bls. 56-59

² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 1923-1924, bls. 431

hversu mikið er af heillegum grunnum undan herskálum og bröggum. Það voru mældar upp 72 minjar.

Minjar frá veru breska og bandaríska hersins á Íslandi í seinni heimsstyrjöld eru ekki sjálfkrafa verndaðar af þjóðminjalögum vegna þess að þær eru ekki orðnar hundrað ára gamlar. Í lögunum er þó heimild til þess að friðlýsa yngri minjar, en um þau efni hefur hvorki skapast hefð né opinber stefna verið mörkuð. Það gefur engu að síður augaleið að herminjar í Hvammi og Hvammsvík eru ómetanleg heimild um hlutdeild Íslands í einhverjum mestu stríðsátökum mannkynssögunnar.

Fornleifar á jörðunum tveimur voru 80 sem voru skráðar en 42 eru bara til heimildir um og sex minjar eru huglægar minjar. Erfitt getur verið að ákvarða af hvaða sökum minjastaður hafi horfið. Oft kunna þó minjar enn að leynast undir grassverði eða nýbyggingu og gætu þá komið í ljós við framkvæmdir síðar. Fornleifar á svæðinu hafa sennilega margar raskast vegna framkvæmda á 20. öldinni t.d. húsbygginga, gerð golfvallar og við túnasléttun. Sennilega hefur einnig orðið allmikið umrót á jörðunum vegna dvalar bresks og bandaríks herliðs á svæðinu í seinni heimsstyrjöld.

Á svæðunum sem stendur til að skipuleggja er ekki að finna neinar fornleifar sem eru sýnilegar. Í túninu við Hvammsvík hafa þó staðið útihús sem nú eru horfin en í Bátsmýrinni eru leifar af umsvifum hersins, þá aðallega húsgrunnar. Því er beint til framkvæmdaraðila að reyna að varðveita sem mest af herminjum á jörðinni og þá sérstaklega þá húsgrunna sem eru vel varðveittir.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundur ásamt fornleifafræðingunum Völu Garðarsdóttur, Hermann J. Hjartarsyni og Atla Rúnarssyni sáu um vettvangsvinnu. Ómar Valur Jónasson, fornleifafræðingur, tók myndir með flygildi af nokkrum minjasvæðum.

Skýrsluhöfundur stendur jafnframt í þakkarskuld við Friðþór Eydal, sem kannað hefur hernaðarumsvifin í Hvammi og Hvammsvík á stríðsárunum. Árið 1987 lánaði hann skýrsluhöfundi handrit sitt af bók sem þá hafði ekki verið gefin út, sem fjallaði um svæðið, og nýttist hún þegar fyrsta fornleifaskráningin var unnin. Bókin kom svo út árið 1998 en hún nefnist *Vigdrekar og vopnagnýr. Hvalfjörður og hlutur Íslands í orrustunni um Atlandshafið*. Það handrit nýttist vel á sínum tíma og gerir það enn í dag.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

Fornleifaskráningar

Fyrsta fornleifaskráning á svæðinu fór fram árið 1997 þegar Hitaveita Reykjavíkur eignaðist jörðina og vann að skipulagi í landi Hvamms og Hvammsvíkur með það í huga að nýta það land sem útivistarsvæði áfram. Fornleifaskráning var unnin af skýrsluhöfundi og Elínu Ósk Hreiðarsdóttur fyrir Fornleifastofnun Íslands og Árbæjarsafn.³ Jarðirnar voru síðan aftur skráðar árið 2008⁴ og var eldri skráningin frá 1997 notuð sem grunnur í þá skráningu og vann Fornleifastofnun Íslands þá skráningu. Í skýrslunum er að finna góðar lýsingar á fornleifum en skýrslurnar, og þá sérstaklega sú eldri, eru háðar þeim takmörkunum að staðsetningar minjanna eru ekki nógu nákvæmar enda voru mælingartæki á þeim tíma ekki jafn nákvæm og þau eru í dag. Sérstaklega eru gömul hnit sem voru tekin fyrir árið 2000 ekki nákvæm vegna takmarkana sem bandaríski hersinn setti á. Skráningin sem hér fer á eftir er þó viðameiri og nákvæmari en fyrri skráningar á svæðinu og fer eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands sem hafa líka breyst hvað varðar fornleifaskráningu og ber nú meðal annars að mæla upp allar minjar. Er það gert í þessari skráningu. Lýsingar úr fyrri fornleifaskráningum eru nýttar í þessari skráningun.

³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Ragnheiður Traustadóttir. 1998. Fornleifar í Hvammi og Hvammsvík. FS045-97061. Árbæjarsafn/Fornleifastofnun Íslands.

⁴ Birna Lárusdóttir og fl. 2008. Fornleifaskráning í Kjóasarhreppi I. FS394-07121. Fornleifastofnun Íslands.



Mynd 2 Yfirlitsmynd af svæðinu, en fyrirhugaðar eru breytingar við jörðina Hvammsvík og þar sem fyllti rauði liturinn er á loftmyndinni.

Í skipulagslýsingunni stendur að áformuð breytingarsvæði eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði vegna þjóð- og stríðsminja í gildandi deiliskipulagi. Það er svæðið í kringum Hvammsvík. Í greinargerð með deiliskipulaginu segir:

Hverfisverndarsvæði vegna þjóð- og stríðsminja. Aðal rústasvæði jarðanna er heima við bæina, bæjarhólmarnir sjálfir og leifar útihúsa.

Síðan er það svæðið í kringum Bátsmýrina en þar er fyrirhuguð uppbygging þar sem núverandi náttúruleg er staðsett . Þar verður þjónustuhús, lítið bílastæði (fyrir allt að 30 bíla) og baðaðstaða.

Skráningarsvæðið



Mynd 3 Skjaskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Kjósarhreppi.

Svæðislýsing og staðhættir

Hvammur og Hvammsvík, sem er syðri bærinn, standa við sjó á suðurströnd Hvalfjarðar, á tanga norður í fjörðinn, en suður af þeim gnæfir Reynivallaháls. Milli bæja eru um 200 m. Núverandi bæjarhús, sem reist voru síðast í byrjun fjórða áratugarins, standa sunnan undir hólum sem heita einu nafni Hvammshólar. Af hólunum er fallegt að horfa yfir fjörðinn sem margir telja að sé einn sá fegursti á landinu.

Í örnefnaskrá er að finna lýsingu Magnúsar Eiríkssonar bónda í Hvammsvík árin 1933 til 1942 og 1945 til 1947 á því hvar Hvammslönd skiptast við nágrannalöndin: “Markargil á milli Hvítaness og Hvammsvíkur, en milli Háls og Hvammabæja er Rauðamýri, sem liggur upp að Hálsenda og niður undir sjó.”⁵

⁵ Örnefnaskrá Hvamms og Hvammsvíkur, Magnús Eiríksson, Örnefnastofnun, óprentuð heimild

Þjóðleiðin lá fyrir sunnan bæina í snarbröttum skriðum í norðurhlíðum Reynivallaháls. Eru heimildir til um að hreppamannaflutningur þótti erfiður og hættulegur yfir torfæruskriður í brattlendi, þar sem sjór er fyrir neðan,⁶ og að það hafi oft verið ískyggilegt að riða milli Hvítaness og Hvamms vegna tíðra og snarpra hvirfilvinda.⁷

Hvalfjörður er djúpur og í honum er að finna góðar náttúrulegar hafnir, þar sem verslunarstaðir urðu til fyrr á öldum. Hér tók svartidauði land árið 1402. Maríuhöfn í Kjós, sem var verslunarstaður á miðöldum og með stærstu kaupstöðum á landinu á 14. öld, er í landi Hálsa rétt vestan við Hvamm. Höfnin í Hvítanesi er skammt austur af Hvammsvík. Þar höfðu breski og bandaríski herinn mikil umsvif á árum seinni heimsstyrjaldar, en einnig við Hvamm og Hvammsvík eins og glögglega má sjá á rústum enn þann dag í dag. Var Hvalfjörður talinn mikilvægur vegna yfirráða á Norður-Atlantshafi í stríðinu. Þar var skipalægi og viðkomustaður skipalesta á leið milli Bandaríkjanna og Rússlands.

Hefðbundinn búskapur var stundaður í Hvammi og í Hvammsvík og sjósókn. Nú orðið er enginn búskapur stundaður lengur, ef frá er talin sumarbeit hrossa, og hefur túnnum að langmestu leyti verið breytt í golfvöll sem er ekki lengur í notkun.

Samkvæmt túnakorti, sem teiknað var árið 1917, voru þá þegar mest öll tún beggja jarða sléttuð. Aðeins hafi verið eftir litlir og þýfðir blettir hér og þar.⁸ Í stríðinu urðu túnin fyrir miklum skemmdum vegna hernaðarumsvifa, en síðan hafa þau verið sléttuð á nýjan leik og stækkuð til suðurs með því að ræsa fram mýrar. Eftir að búskapur lagðist af var Hvammstúnum breytt í golfvöll en Hvammsvíkurtún látn halda sér.

⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Kaupmannahöfn 1923-1924, bls. 434

⁷ Dan. Daníelsson: Í áföngum, Reykjavík 1937

⁸ Túnakort af Hvammi og Hvammsvík í Kjós frá 1917, Þjóðskjalasafn Íslands, óprentuð heimild

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagar þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangsskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Attributes		Text	Relations	Geo Objects	Documents	Events
Attribute	Value					
Class	Arkeologiska object					
Sérheiti						
Bæjarnafn	Hvammur					
Gömul númer	GK-353:021-GK-353:015					
Jarðatal Johnsen	353					
Flokkun	Sjóminjar					
Tegund	Hleðsla					
Efni	Grjót					
Lengd	7 meter					
Breidd	3 meter					
Hæð	0.50 metrar					
Vegg hæð frá	0.20					
Vegg hæð til	0.50					
Athugasemdir	Breidd veggjar frá 1,4 til 3 m					
Umhverfi	Við sjóinn og hlaðið við kletta.					
Gróður	Gróðursnautt					
Svæði	Draganes					
Túnakort	<None>					
Heimildir						
Örnefnaskrá	Ö-Hvammur og Hvammsvík, 4.					
Aldur	1500-1900					
Skráning	HJH					
Mæling	Uppmæling					
Dagur	07.04.2020					
Horfin	Nei					
Horfin_astæða	<None>					
Hættumat	Lítill hættu					
Hættuorso	Vegna rofs					
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar					
GPS hnit Norður	6422513					
GPS hnit Vestur	2135112					
Verkefni	Deiliskipulag Hvammur og Hvammsvík					
Sveitarf	Kjósarhreppur					
Friðað	Já					
Hlutverk	Naust					

Mynd 4 Skráningarform í Kjósarhrepps grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.

Fornleifaskráning og aðferðir

Í fornleifaskráningu Antikva ehf. eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens⁹ og fer tölusetning jarðanna eftir því. Sögulegt yfirlit jarðanna fylgir, þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum á þeim og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Í þessu tilviki er um að ræða tvær jarðir, Hvamm og Hvammsvík í Hvalfirði. Hvorri jörð fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað, ljósmyndum og teikningum þegar við á. Einnig fylgir minjakort sem sýnir minjastaði, örnefni og veitir aðrar upplýsingar sem tengjast fornleifum. Hvammur er númer 353 og Hvammsvík 354 í jarðatali Johnsen þessi númer fylgja í gagnagrunninum.

Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á, til dæmis „Bessastekkur [537]“ og hlutverki þeirra, til dæmis „fjárborg [538]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi en heimildir eru fyrir því að minjar hafi verið til. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilega gagnagrunni Antikva ehf. yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Kjósarhrepp. Í skýrslu þessari er látið við sitja að nota einkennisnúmer úr gagnagrunninum en í sjálfum grunninum og skránni sem fylgir með þá er jarðatalsnúmerið notað auk þess er getið um eldri númer úr eldri fornleifaskráningu.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar

⁹ J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, Kaupmannahöfn 1847

forminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, til dæmis *Sauðhóll* [516], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis stígur eða varða.

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Kjósahrepps. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á.

Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki var það 42 fornleifar sem hafa horfið vegna framkvæmda og er eingöngu getið í heimildum.

Fornleifar á svæðinu



Mynd 5 Örnefnakort eftir örnefnalýsingum. Kortagerð Ómar Smári Ármannsson.



Mynd 6 Yfirlitskort rauðir punktar eru fornleifar og bláir punktar herminjar.



Mynd 7 Húsin á Hvammi í dag og Hvammsvík er húsið sem er lengst til vinstri á myndinni.

Hvammur

Hvamms er getið í Landnámu, en þar segir: “Hvamm-Þórir nam land á millim Laxár ok Forsár ok bjó í Hvammi. Hann deildi við Ref inn gamla um kú þá, er Brynja hét ok Brynjudalr er við kenndr; sú kvíga hafði horfit Þóri fyrir longu, en sú kvíga fannsk í Brynjudal, þar er Refr átti land, ok fjórir tigur nauta með henni, þeirra er oll voru frá henni komin ok höfðu gengit sjálfala úti; því kenndi hvor tveggi sér nautin. En Þórir fell fyrir Ref með átta manna, þá er þeir borðusk hjá hólum þeim, er síðan eru kallaðir Þórishólar”.¹⁰

¹⁰ Íslenzk fornrit I, Reykjavík 1993, bls. 56-59.

Í Harðar sögu ok Hólmverja segir frá blóðugum viðskiptum Orms Hvamm-Þórissonar úr Hvammi og fóstbræðranna Geirs Grímssonar og Víga-Harðar Grímkelssonar goða í Geirshólmi, sem stálu af honum tólakistu hans. Segir að þeir hafi skilað henni í naustið að Hvammi og sett undir húfinn á skipi Orms. Ormur er þar talinn meðal héraðshöfðingja og má einnig ráða af sögunni að höfundur hennar hefur talið að Hvammsland hafi þá verið mun stærra en seinna varð, því að Ormur er látinn gefa Bolla þræli sínum land á Bollastöðum, sem er á milli Háls og Valdastaða sunnan undir Reynivallahálsi.¹¹

Í Sturlungu er getið Jörundar hins mikla úr Hvammi en hann var með Þorleifi í Görðum í Bæjarbardaga 1237 og má ráða af samhengi að hann hafi verið fyrirliði manna úr Kjós og Hvalfirði. Eftir bardagann var rænt í Saurbæ og Hvammi og má af því ráða að búið í Hvammi hafi verið með hinum stærri í héraðinu.¹²

Hvammur kemur og fyrir í öðrum rituðum heimildum, svo sem í jarðabókum og í bréfum og máldögum í Íslensku fornbréfasafni.

Elsta heimild um kirkju í Hvammi er í Hítardalsbók frá árinu 1367.¹³ Þar er þó aðeins ágríp af máldaga kirkjunnar, en allur máldaginn er í Vilchinsbók frá 1397. Kirkjan var helguð heilögum Lúkasi og átti Hvammsey auk sex kúgilda. Þá átti hún smelltan kross, glitað altarisklæði, fornan dúk og litlar klukkur.¹⁴

Kirkjan í Hvammi var hálfkirkja, en það þýðir að aðeins var messað þar annað hvern helgan dag. Prestur var ekki í Hvammi heldur kom annar af tveimur prestur á Reynivöllum þangað til að syngja messur og tíðir með reglulegu millibili.

Næst má finna Hvammskirkju nefnda í máldaga frá 1497.¹⁵

¹¹ Íslenzk fornrit XIII, Reykjavík 1993, bls. 65, 68-70, 79.

¹² Sturlungasaga I, Reykjavík 1946, bls. 405, 407.

¹³ DI: Íslenzkt fornbréfasafn III, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972, bls. 218.

¹⁴ DI: Íslenzkt fornbréfasafn IV, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972, bls. 118.

¹⁵ DI: Íslenzkt fornbréfasafn VII, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972, bls. 375.

Í vígslumáldaga Stefáns biskups Jónssonar í Skálholti hinn 1. september 1502 um kirkjuna í Hvammi er getið skógartungu í Skorradal, sem kirkjan hefur þá eignast. Var leyfi til gefið að í Hvammskirkju yrðu saman vígð hjón og börn skírð.¹⁶

Í Gíslamáldaga frá um 1570 segir að kirkjan sé hálfkirkja og eigi m.a. fimm kýr og eitt ásauðar kúgildi, einn gamlan altarisbúning, vænar klukkur, glóðarker, gamlar bækur og einn kaleik.¹⁷

Eyjólfur Ólafsson í Skaga á Akranesi lýsti því með bréfi hinn 13. mars 1702 að hann ætti 13 hundruð og 40 álnir í Hvammi sem væri alls 60 hundruða jörð. Jarðapartinn hefði hann tekið að erfðum eftir afa sinn, Jón Hannesson, föður sinn, Ólaf Jónsson, og bróður sinn, Ólaf Ólafsson. Eyjólfur getur um hálfkirkjuna og segir að Hvammsey, sem liggi undir kirkjuna, hafi áður verið slægjuland en að nú spretti lítið gras á henni “eða nær að segja ekkert”. Hann getur þess einnig að skógarítakið, sem kirkjunni er eignað, sé í Skógartungu í Vatnshornsskógi í Skorradal. Þá lýsir hann því að kirkjan eigi kaleik með patínu af silfri, ein gömul messuklæði og tvær litlar klukkur. Eyjólfur segir að hann fái nú jarðarhlutann sinn varla byggðan “nema til hýsingar fátækra sveitarómaga og tíundaafgjalds þeim, sem búa á hinum hluta jarðarinnar”. Þegar best áraði hefði þó fengist 10 aura landsskuld af partinum og fylgdi honum þá 2 ½ kúgildi.¹⁸

Systur Eyjólf, Guðný og Málhildur Ólafsdætur, áttu árið 1702 hvor sín 4 hundruð í Hvammi, sem þær höfðu hlotið í föðurarf.¹⁹

¹⁶ DI: Íslenzkt fornbréfasafn VII, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972, bls. 609-610.

¹⁷ DI: Íslenzkt fornbréfasafn XV, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972, bls. 632.

¹⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII, Kaupmannahöfn 1923-1924, bls. 70-71.

¹⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII, Kaupmannahöfn 1923-1924, bls. 74-76.

Í bréfi frá 1703 kemur fram að enn einn bróðirinn, Guðmundur Ólafsson, hafði átt 13 hundruð og 60 álnir í Hvammi. Hann var þá látinn og hafði kona hans Kristín Guðmundsdóttir fengið 4 hundruð í tilgjöf og dóttir hans Guðlaug 9 hundruð og 60 álnir í arf.²⁰

Þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín tóku saman Jarðabók sína fyrir Kjósarhrepp árið 1705 var hálfkirkja enn að Hvammi en sóknarkirkjan á Reynivöllum. Þjónaði sóknarpresturinn einnig til altaris í Hvammi, en kirkjuvegur er sagður vera örðugur og langur. Dýrleiki allrar jarðarinnar er þá sagður vera 60 hundruð, en af þeim sé hjáleigan Hvammsvík 12 hundruð.²¹ Í Jarðatali Johnsens frá árinu 1847 er dýrleika jarðarinnar hins vegar skipt, Hvammur talinn 48 hundruð og Hvammsvík 12 hundruð. Í skýrslu sýslumanns, sem var ein af heimildum Johnsens, er þó Hvammur aðeins talinn vera 40 hundruð og Hvammsvík metin meir sem mismuninum nemur. Þá er sagt frá landkostum eins og þeir voru árið 1802, þegar jarðabók þessi var tekin saman, svo sem æðarvarpi og selveiði að ógleymdum nytjaskóginum í Skorradal í Borgarfirði.²²



Mynd 8 Bæjarhúsin í Hvammsvík og Stjórnstöðin lengst til vinstri á Hvammshólum.

Í Jarðabók Árna og Páls, sem tekin var saman rétttri öld áður, er sagt um landkosti að torfrista og stunga sé lítt nýtanleg en nóg til af mó og þangi til eldiviðar, selveiði gagnvænleg fyrir

²⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII, Kaupmannahöfn 1923-1924, bls. 85.

²¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, . Kaupmannahöfn 1923-1924, bls. 430-434.

²² J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, Kaupmannahöfn 1847, bls. 101.

heimalandi, rekavon nokkur, nægur skelfiskur en sölvaðjara eydd af ísalögum, heimræði jafnan þegar fiskur gengur í Hvalfjörð og lending góð og skipsuppsátur. Túnið sé allt meinþýft og útigangur besti kostur jarðarinnar, en skriður spilli úthögum og engjum, stórviðri valdi skaða nær árlega og sauðfé sé hætt fyrir sjávarflæði. Segir og að í Hvammsey, sem kirkjunni er eignuð, hafi til forna verið gott æðar- og andarvarp, en það sé eyðilagt af lunda.

Tveir bæir eru hér nefndir í landi Hvamms, sem ekki eru til heimildir um aðrar. Þetta eru Naglastaðir, sem þá voru tóftir langt innan landamerkjá, og tómthúsið Ásmundarstaðir, sem verið hafði í eyði í meira en tuttugu ár.

Ábúendur á Hvítanesi þurftu að sækja mó til Hvamms og gáfu 15 álnir fyrir 20 feta mógröf í Hvammslandi. Einnig þurftu þeir hestagöngu og sauðabeit um vetur út að kaupa af nágrannabæjunum Hvammi og Fossá og greiddist með ýmislegri þóknun.²³

Kirkjan í Hvammi var tekin af með konungsbréfi 17. maí árið 1765.²⁴

Búskapur var stundaður í Hvammi frá öndverðu en lagðist af á áttunda áratugnum.

²³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, Kaupmannahöfn 1923-1924, bls. 435.

²⁴ Sveinn Nielsson, 1950. Prestatal og Prófasti. Hið íslenska bókmenntatal.



Mynd 9 Bæjarhúsin á Hvammi og minjar í Hvammstúni.

Bæjarhóll [500] bæjarhóll

Bærinn Hvammur stendur sunnan í Hvammshólum á tanga út í Hvalfjörð. Íbúðarhúsið stendur á bæjarhólnum og bygging þess á fjórða áratugnum hefur vafalaust raskað honum. Húsið er byggt árið 1932. Bæjarhóllinn virðist þó óskemmdur á bak við húsið, en fyrir framan það hefur hann verið sléttaður fyrir bílastæði. Í vesturjaðri bæjarhólsins sjást merki rústa, sem kunna að vera leifar Hvammskirkju. Annarra fornleifa sér ekki stað á yfirborði. Lítið er vitað um gamla torfbæinn í Hvammi en hann sést á túnakortinu frá 1917. Sumarið 1909

Tók Sigurgeir Þórðarson býlin Hvammsvík og austurbæinn í Hvammi á leigu. Hann reif þá austurbæinn en byggði upp í Hvammsvík. Í október 1997 var grafið fyrir vatnslögn í bæjarhólinn. Við þær framkvæmdir komu í ljós mannvistarleifar allt frá landnámi. Í desember 2000 var grafið fyrir húsgrunni skammt frá bæjarhólnum og stóð Sólveig Heiðberg fornleifafræðingur yfir því verki en engar fornleifar komu í ljós.

Í Harðar sögu ok Hólmverja er getið útibúrs í Hvammi og má ætla að það hafi verið heima við bæinn.

Kirkja [501] heimild

Ekki er nákvæmlega vitað um staðsetningu Hvammskirkju, en staðkunnugir telja að hún hafi staðið vestan við bæinn. Rústir undir karlateig 1 á golfvellinum kunna að vera leifar kirkjunnar. Jarðefni í teiginn hefur verið bætt ofan á, en rústinni ekki ýtt til. 20 – 30 m norðvestan við þar sem steipt íbúðarhús stendur nú sést í mannvirkjaleifar. Þær eru fast ofan við vegarslóða sem liggur frá bæjarhlaðinu út að Mjóáósi. Þær eru undir karlateigi 1 á golfvellinum og gætu verið leifar kirkjunnar. Jarðefni í teiginn hefur verið bætt ofan á, en ekki hefur verið hróflað við rústinni. Þar sem rústin er hallar landinu nokkuð. Á þessu svæði hafa verið þó nokkra framkvæmdir í gegnum tíðina.

Útihús [502] heimild

Þar sem á túnakorti 1917 má sjá útihús vestan við bæjarhúsin er horfið en getur leynst undir bæjarhólnum á þessu svæði. Útihúsið sést ekki á loftljósmynd sem tekin var árið 1946. Staðsetning ónákvæm.

Útihús [503] heimild

Þar sem á túnakorti 1917 má sjá útihús rétt norðan við bæjarhúsin og útihús [508] er sennilega horfið undir hús sem var reist fyrir golfvöllinn á sínum tíma. Útihúsið sést ekki á loftljósmynd sem tekin var árið 1946.²⁵ Staðsetning ónákvæm.

Útihús [504] heimild

Á túnakortinu frá 1917 má sjá útihús sem stóð u.þ.b. 50 m sunnan við bæinn. Það er nú komið undir veg eða aðrar framkvæmdir á svæðinu. Útihúsið sést ekki á loftljósmynd sem tekin var árið 1946.²⁶ Sennilega verið búið að rífa það þá. Staðsetning er ekki nákvæm.

²⁵ Túnakort 1917 og loftljósmynd AM 10001/I-I/012 Landmælingar Íslands.

²⁶ Túnakort 1917 og loftljósmynd AM 10001/I-I/012 Landmælingar Íslands.

Útihús [505] heimild

Á túnakortinu má sjá útihúsi sem stóð u.þ.b. 90-100 m suðaustur af bænum 1917. Er nú undir miðju bæjarhlaðinu, veginum eða í túninu. Staðsetning er ekki nákvæm en ekkert sést á vettvangi á þessu svæði.

Útihús [506] heimild

Á túnakortinu frá 1917 má sjá útihús sem var austan við útihús [507] Ekki er óhugsandi að leifar af útihúsinu megi finna í túninu. Búið er að slétta úr öllu þarna og ekkert sést á vettvangi.

Útihús [507] heimild

Á túnakortinu 1917 má sjá útihús sem stóð u.þ.b. 80 m austur af bænum fast vestan við kálgarð [650]. Staðsetning á því er ekki nákvæm það getur verið komið undir hús eða verið rétt austan við steipt hús sem stendur þar í dag. Það sést ekkert á vettvangi.

Útihús [508] heimild

Á túnakortinu frá 1917 var útihús um það bil 7 m norðan við bæinn. Ekki er óhugsandi að leifar af útihúsinu megi finna í bæjarhólnum.

Útihús [509] dæld

Hugsanlega er þetta eitt af útihúsum sem sést á Túnakortinu frá 1917. Ógreinilegar minjar virðist vera dæld sem er 10 x 9,8m. Minjarnar er rúmum 10 metrum frá bæjarstæðinu. Það getur hugsast að þetta tengist líka framkvæmdum við golfvöllinn á sínum tíma.



Mynd 10 Útihús [510] við vegaslóðann við Grafarós.

Útihús [510] tóft

Tóftin er í grónum halla þar fyrir neðan sem vegurinn greinist í tvær áttir, um 4-5 m í austur frá sjóðbúðum – útihúsi [511]. Hún er eitt hólf. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, veggþykkt er mest um 1m en minnst um 60 sm. Veggir eru frá 50 sm til 85 sm að hæð. Innanmál tóftarinnar er 7 x 6 m.



Mynd 11 Sjóbúðir – útihús [511] við Grafarós og tóft eða herminjar [608] lengst til hægri á myndinni.

Sjóbúðir- Útihús [511] tóft

Tóftin er við sjávarbakkann, norðan við veginn sem liggur á milli Mjóaóss og Grafaróss. niður af veginum þar sem hann greinist í tvær áttir. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti, skiptist í tvö hólf og er 7 x 3 m að stærð. Hleðsluhæð er 20 til 50 sm. Út frá suðurhlíð tóftarinnar gengur veggur eða garður sem er 5,8 m langur. Tóftin er ógreinileg. Við fyrri skráningar hefur lögun hennar verið túlkuð öðruvísi en hún er mæld upp hérna en þá voru tóftirnar tvær. Það er þó hugsanlegt að snjórinn hafi haft áhrif á túlkun hennar nú. Hlutverk hennar er óþekkt en hún er skráð sem útihús og sjóðbúðir en það er frekar líklegt að hún tengist sjósókn frekar en að þetta sé útihúsi þarna niður við fjöruna. Sunnan við hana var í fyrri skráningum teiknuð upp tóft sem hugsanlega eru þessar veggjarleifar sem er nú mældar fast upp við tóftina.

Óþekkt – útihús? [608] tóft

Tóftin er við sjávarbakkann, er 4 m norðan við sjóbúð [511] og vegaslóða sem liggur milli Mjóaóss og Grafaróss, þar sem vegar slóðinn greinist í tvennt. Þýft graslendi er á milli slóðans og sjávarbakkans. Tóftin er bara eitt hólf. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, veggjaþykkt er mest um 1 m en minnst um 60 sm. Veggir eru frá 50 sm til 85 sm að hæð.

Tóftin er að innmáli 3,8m x 1,65. Hlutverk hennar er óþekkt. Þetta gæti verið útihús sem er á túnakortinu frá 1917 en þó virðist þetta vera utan við túnið. Þetta gæti líka verið eftir herinn.

Naglastaðir býli og sel [514] heimild

Naglastaði “ætla sumir verið hafa bygt ból í Hvammslandi, og hafa það til marks, að þar hafa fundist kol og eirbrot í jörðu, og líka sjást þar tóftarleifar. Ekkert vita menn til þess annað”. Ekki er vitað hvar á landareigninni þessi hjáleiga var, en þó er þess getið að langt sé “þaðan til landamerkja mót öðrum jörðum” og að land þetta sé “átölulaus Hvamms eign” um aldur og ævi. Er þess og getið að “tvö ár ein hefur þar selstaða verið brúkuð frá Hvammi”.²⁷ Ekki er ólíklegt að Naglastaðir hafi verið þar sem Bessastekkur [537] er því minjarnar þar virðast vera meiri en bara af stekk. Staðsetning er óviss.

Ásmundarstaðir – tómthús [515] heimild

“Ásmundarstader hefur verið tómthús í túninu í Hvammi. Þar var fátækur maður til hússnæðiss í þrjú ár; galt hann öngva húsaleigu og hafði ekki til viðurværiss nema það, er hann aflaði af sjó. Kona hans og barn lifðu um sumar á hússgangi. Hefur þetta tómthús yfir 20 ár í eyði verið, og mun verða um aldur og æfi.”²⁸ Ekki er vitað hvar í túninu tómthúsið stóð. Staðsetning er sett í Hvammstún. Þetta bæjarstæði getur leynst undir sverðinum einn hver staðar í túninu. Þarf því að fara með gát við framkvæmdir á Hvammstúni.

²⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Kaupmannahöfn 1923-1924, bls. 434

²⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Kaupmannahöfn 1923-1924, bls. 434



Mynd 12 Sauðhóll fjárrétt [516].

Sauðhóll- fjárrétt [516] hleðslur

Við Sauðhól var fjárrétt fyrr á öldinni en þar “sem réttin stóð var eins og hvilft inn í bergið, og þurfti ekki að hlaða réttina nema á 2 vegu og svo var hóllinn svo gott aðhald þegar rekið var inn”.²⁹ Hleðslurnar eru ógreinilegar, en það djarfar fyrir vegg sem hlaðinn var úr torfi og grjóti. Að utanverðu er hleðsluhæð veggjarins 60 sm en hann er hruninn inn í réttina. Lengd rústarinnar er 9 m og breidd 6 m.

Útihús [518] tóft

Útihús sem er um 20 m sunnan við tóft [520]. Hún er um 30 m suðvestan við greinilegan bíslóða sem liggur meðfram túnunum að sunnan og um 5 m sunnan við ógreinilegan slóða sem liggur til vesturs úr greinilegri afleggjaranum. Um 150 m sunnan við Grafarós. Tóftin er norðan í hæðardragi en allt í kring eru fremur þýfðir móar. Tóftin er um 7 m á lengd og 3,5 á breidd. Hún er að meðaltali um 0,5 m á hæð og skiptist í tvö hólf sem eru svipuð á stærð.

²⁹ Ö-Hvammur og Hvammsvík, 2.

Þessi tóft var ekki mæld upp í þessari skráningu.



Mynd 13 Mógafir [519] í Kringlumýri.


Kringlumýri [519] mógrafir

Mór var síðast tekinn í Kringlumýri fyrir norðan Hvammshóla niður við sjó fyrir 90 árum. Í örnefnaskrá segir: „Upp á meginlandi, fyrir vestan grandann, vestur með sjónum kemur nokkurt svæði, sem heitir Smáholt, og þar fyrir ofan er mýris, sem heitir Kringlumýri. Þar var mótekja góð á meðan entist.“³⁰ Mógrafirnar sjást enn, en þeim hefur verið spillt með ágangi frá hernum. Þær sjást greinilega á loftljósmynd frá 1946³¹ og ennþá í dag eru þær greinilegar. Þar hefur verið helsta mótekja jarðanna ásamt Mómýri [631] og á öðrum hvorum staðnum hafa bændur í Hvítanesi trúlega haft 20 feta mógröf þá sem þeir leigðu árið 1705.³²

³⁰ Ö-Hvammur og Hvammsvík, 4.

³¹ Loftljósmynd AM 10001/I-I/012 Landmælingar Íslands.

³² Fornleifaskráning Kjóshreppur I.



Mynd 14 Útihúsin í Hvammi á túnakorti frá 1917. Staðsetning þeirra er ekki nákvæm í mælingum.

Kálgarðar [521][649][650] heimild

Á túnakortinu 1917 má sjá að kálgarðar voru þrír og 1700 m². Þeir eru að mestu horfinn eftir framkvæmdir sem raskað hafa bæjarhólnum í Hvammi. Einn [649] var áfastur bænum að austan, annar [650] austan við útihúsið [507] en sá stærsti [521] sunnan við bæinn og stéttina, vestan við traðirnar heima að bænum.

Kennimark við Svörtukletta [522] varða

Þjóðleiðin [525] lá niður undir Svörtukletta og er þar að finna myndarlega grjóthlaðna vörðu sem sést frá Þjóðveginum er á klettabrún og 70-80 sm há. Varðan hefur verið við leiðina.



Mynd 15 Leifar af vegghleðslum naust-skiparétt á Draganesi [570].

Gerði [523] tóft

Á brekkubrún um 3-4 m sunnan við slóðann upp í Hvammsey og fram á bakka, þar sem hallar að sjó að sunnanverðu, er stór hringlaga rúst. Hún er vel gróin og nokkuð sokkin á köflum. Fjögur hólf hafa verið utan á henni sunnanverðri. Þvermál þessa gerðis er 14 m og veggþykkt frá 1 að 2 m, en mesta hæð hleðslna eru tæpir 50 sm. Tóftin var ekki mæld upp það var flóð þegar skráning fór fram á vettvangi og ekki hægt að komast út í Hvammsey. Minjarnar eru fyrir utan breytingar á deiliskipulaginu.




Mynd 16 Orustufliot fremst á myndinni, til vinstri á hæðinni er stjórnstöðin [640], síðan bæjarhúsin á Hvammi og til hægri bæjarhúsin í Hvammsvík.

Orustufliot [524]

„Nú ætla ég að fara út með sjónum, fyrir utan ósinn. Þá kemur vellisfliot sem heitir Orustufliot. Þar börðust þeir Hvamms-Þórir og Bárður á Þrándarstöðum út af nautgripum, sem Þórir fann, en Bárður taldi sig eiga” segir í örnefnalýsingu. Orustufliot er slétt grasfliot sem nær norðan frá Grafarós og að Þórishólum. Frá sjávarbakkanum og að hólunum eru 150-170 m og liggur bíslalóð nú yfir flötina miðja. „Það var kýr, sem Brynja hét og hafði gengið úti og falizt í skóginum. Þegar hún fannst, var hún með hóp af ungviði með sér” segir enn fremur í örnefnalýsingunni. Saga þessi er augljóslega byggð á sögu Landnámabókar um deilur Hvamm-Þóris en hér hefur Bárður á Þrándarstöðum verið settur inn í stað Refs hins gamla í Brynjudal: ”Hvamm-Þórir nam land á millum Laxár ok Forsár ok bjó í Hvammi. Hann deildi við Ref inn gamla um kú þá, er Brynja hét ok Brynjudalur er við kenndr; sú kvíga hafði horfit Þóri fyrir löngu, en sú kvíga fannsk í Brynjudal, þar er Refr átti land, ok fjórir tígir nauta með henni, þeirra er oll voru frá henni komin ok höfðu gengit sjálfala úti; því kenndi hvor tveggja

sér nautin. En Þórir fell fyrir Ref með átta manna, þá er þeir borðusk hjá hólnum þeim, er síðan eru kallaðir Þórishólar.”



Mynd 17 Þjóðleiðin er vel greinalæg á vettvangi en hérna sést hvernig hún hefur legið á korti. Það má sjá tvær hestaleiðir að Hvammi og Hvammsvík og svo heimreið alveg niður við sjó.

Þjóðleið [525] gata

Þjóðleiðin lá fyrir sunnan Hvamm og Hvammsvík í snarbröttum skriðum í norðurhlíðum Reynivallaháls. Eru til heimildir um að hreppamannaflutningur þótti erfiður og hættulegur yfir torfæruskriður í brattlendi, þar sem sjór er fyrir neðan, og að það hafi oft verið ískyggilegt að ríða milli Hvítaness og Hvamms vegna tíðra og snarpra hvirfilvinda. Um þennan veg hafa Reykvíkingar farið vestur og norður svo að líklegt má telja að mannaferðir hafi verið tíðar. Gamli akvegurinn lá uppi í Hálsenda, þar sem liggja saman jarðirnar Hvammur og Háls, niður undir Svörtukletta, upp fyrir Steðja og áfram í austurátt, en Þjóðvegur nr. 1 var færður neðar í hlíðina um 1970, þar sem hann liggur nú. Vegurinn á milli Hvammsvíkur og Hvítanes lá um gil og skorningar í brattri hlíðinni og með komu hersins í Hvalfjörðinn lögðu þeir nýja vegi og betrumbættu vegi sem voru fyrir. Þennan hluta af Þjóðleiðinni lögðu þeir nýjan veg, þeir fylltu upp í gilin, gerðu ræsi og víða hlaðna kanta úr grjóti sem var límt með steinsteypu. Efni til

vegagerðarinnar var að miklu leyti mulið úr grjóti og þótt það nýjung.³³ Þessi vegagerð þótt mikil samgöngubót.

Hestamenn vilja varðveita gamla malarveginn í hlíðinni, sem sést enn þá vel víða og er notaður sem reiðgata.

Stekkjarlækur [526] heimild

„Stórumóalækur rennur við endann á Stórumóum, og Stekkjarlækur er rétt fyrir sunnan Orustuf্লötina. Báðir renna þeir í Grafningsós” segir í örnefnalýsingu.³⁴ Stekkjarlækur rennur austur í Grafarós. Hvergi eru greinilegar stekkjartóftir í þýfðu mýrlendinu beggja vegna lækjarins. Ekki er óhugsandi að á þessu svæði geti verið byggingaleifar en erfitt er að greina þar nokkuð fyrir stórbýfi og sinu.

Selveita [527] heimild

Utan við Breiðumýri „er Selveita, en ofan Langimelur og Svörtuklettur” segir í örnefnalýsingu.³⁵ Vestan Langholts er lækur en vestan hans er síðan Selveita sem er þýft mýrarsvæði. Selveitan er austan vegaspotta sem liggur heim að sumarbústað. Örnefnið bendir til að þar í grennd hafi verið sel og áveita. Ekki er vitað hvar selið var en ekki ólíklegt að það sé þar sem Bessastekkur er [537], en hann er á rústahól við suðvesturenda Langholts, austan og ofan við Selveitu. Minjarnar við Bessastekk eru það umfangsmiklar að þær geta alveg verið minjar frá selinu.

Kænuhamar [528] uppsátur

„Kænuhamar er klettur norðaustan af víkinni.” „Kænuhamar var alltaf svo nefndur í ungðæmi Kjartans [Þorkelssonar], enda var þar jafnan geymdur bátur” segir í örnefnalýsingum.³⁶ Kænuhamar er fremur lágur klettur norðaustan í Hvammsvík. Kletturinn stendur út í fjöru en norðan við er dálítill grasflöt þar sem hægt hefur verið að setja upp bát.

³³ Friðþór Eydal, 1998. bls. 70.

³⁴ Ö-Hvammur og Hvammsvík, 7; Ö-Hvammur og Hvammsvík. Athugasemdir og viðbætur.

³⁵ Ö-Hvammur og Hvammsvík, 7.

³⁶ Ö-Hvammur og Hvammsvík, 7; Ö-Hvammur og Hvammsvík. Athugasemdir og viðbætur.



Mynd 18 Fiskibyrgi [569] fallið byrgið ofan á kletti úti á Dragnesi.

Fiskibyrgi [569] hleðslur

Á Dragnesi, „voru líka fiskibyrgi. Þegar ég var drengur, man ég eftir, að það var róið að hausti til og þá var saltað í þessi byrgi” segir í örnefnalýsingu.³⁷ Fiskbyrgin voru á sunnanverðu Dragnesi aðeins fannst ein tóft sem er sennilega fallið fiskibyrgi og er lítið hleðslulag á tóftinni meira eins og grjóthrúga. Fiskibyrgi stóðu oft hátt til að það gæti blásið í gegnum þau, þannig það er ekki ólíklegt að þetta séu leifar af slíku mannvirki. Ef fleiri byrgi hafa verið á svæðinu hafa þau sennilega verið eyðilögð á hernámsárunum enda voru grunnar í kringum braggana hlaðnir upp af grjóti.

³⁷ Ö-Hvammur og Hvammsvík, 4.



Mynd 19

Naust-skiparétt [570] tóft

Á Draganesi var naust eða svokölluð skiparétt.³⁸ Í fyrri skráningum var talið að engin merki væru að finna um naust eða skiparétt en sennilega er það sem var skráð sem fiskibyrgi í eldri skráningum leifar af nausti-skiparétt. Tóftin er í fjörunni og hlaðinn upp við klett. Veggurinn er hlaðin úr lágbörðu grjóti og er veggurinn hruninn að mestu. Lengd veggjar er 7,80 m og breidd frá 1,20 -3 m. Op í tóftina snýr að sjónum og er um 8 til 10 m breitt. Það myndi passa ágætlega fyrir fiskibát, hugsanlega tvo. Erfitt að átta sig nákvæmlega á stærðinni því veggir hafa fallið.

³⁸ Ö-Hvammur og Hvammsvík, 4.

Lending [513] heimild

Lending var á Draganesi segir í örnefnalýsingu.³⁹ Hún hefur áreiðanlega verið sunnan megin á nesinu með því að lending er bersýnilega erfiðari að norðanverðu. Örnefnið bendir þó til að hægt hafi verið að draga bát yfir nesið.

Hringur – gerði [529] heimild

Heima undir túni í Hvammi er í örnefnaskrá sagður vera Hringur,⁴⁰ en svo eru oft kölluð gerði. Nákvæm staðsetning er ekki kunn.

Hóltóft [530]

Heima undir túni í Hvammi er í örnefnaskrá sögð vera Hóltóft,⁴¹ sem bendir til að þar hafi verið tóft þegar örnefnaskráin er gerð. Nánari staðsetning ókunn. Hugsanlega er þetta annað hvort útihúsanna [518] eða [520].

Kvíaföt [531] heimild

Heima undir túni í Hvammi er í örnefnaskrá sögð vera Kvíaföt,⁴² sem bendir til að þar hafi verið kvíar. Kvíar hafa verið skammt utan túns í Hvammi eins og algengt var en nánari staðsetning ókunn.

Haugsmýri [533] heimild

Ekki sjást nein merki um hauga í þessari mýri, en í örnefnaskránni segir að þar hafi menn Hvamm-Þóris verið heygðir, þeir sem féllu í bardaganum við Ref í Brynjudal.⁴³ Hafi einhvern tíma verið grafir á þessum stað, kunna þær að hafa horfið þegar mýrin var ræst fram. Mýrin er norðan við Langholt, um 300 m vestar en Þórishólar og Spóamýri.

³⁹ Ö-Hvammur og Hvammsvík, 4.

⁴⁰ Ö-Hvammur og Hvammsvík, 8

⁴¹ Ö-Hvammur og Hvammsvík, 8

⁴² Ö-Hvammur og Hvammsvík, 8

⁴³ Ö-Hvammur og Hvammsvík, 8 og ÍF I,57-59

Bessastekkur [537] tóft stekkur

„Spóamýri er suðvestur af Óshólum, en Haugamýri [033] er næst henni ... Utar en Spóamýri er Bessastekkur” segir í örnefnalýsingu.⁴⁴ Tóft Bessastekkar er utar en Haugsmýri, um 500 norðan við þjóðveginn og um 80 austan við læk sem rennur um Háumýri og Selholt. Að norðan og vestan er Selveita, sem er stórbýfð mýri. Að norðaustan er klettaholt. Tóftin er á litlum rústahól í brekku ofan við mýrina. Grjót hefur verið í veggjum stekkarins sem hefur aðeins verið eitt hólf, 3,5x3,5 m að innanmáli. Sunnan við tóftina er greinilegur garður sem liggur frá austri til vesturs í sveig og má rekja hann töluvert áleiðis vestur fyrir tóftina. Í kring er stórbýfi og má óglöggð greina garðlag sem liggur beint niður brekkuna, vestan við tóftina. Þessar rústir eru meiri um sig en venjulegt er með stekki og verður að teljast sennilegt að undir stekkar tóftinni séu leifar sels þess sem Selveita er kennd við. Það gæti einnig verið sami staður og Naglastaðir sem voru fornt eyðibýli er jarðabók var gerð 1705.



Mynd 20 Bessastekkur

⁴⁴ Ö-Hvammur og Hvammsvík Ath AG, 3.

Fjárborg [538] heimild

Á Borgartöngum vestur af Þórishólum mun hafa verið fjárborg segir í örnefnalýsingu.⁴⁵ Ekki er að finna nein merki um hana á yfirborðinu. Nákvæm staðsetning er því ekki kunn.

Landamerki varða [541] heimild

„Millum Hvamms, Hvammsvíkur og Neðra-Háls eru landamerki: Fast niður við sjóinn norðanvert og innanvert við Reynivallahálsenda er mýri ein nefnd Lágholtsmýri, utan til á henni niður við sjávarbakka er varða ein hlaðin af grjóti ...” segir í landamerkjalyýsingu Hvamms.⁴⁶ Þar sem merkjavarða þessi hefur verið er nú risið sumarbústaðahverfi og hefur varðan horfið vegna þess. Á merkjum niðri við sjó er nú skurður sem virðist vera einhvers konar frárennsli frá sumarbústöðunum.

Landamerki – varða [542] heimild

„... ofar í mýri þessari [541] er þúfa ein af jörð sem virðist hafa verið hlaðin á klett sem þar er” segir í landamerkjalyýsingu Hvamms.⁴⁷ Alveg syðst í mýrinni er smáhæð með smápúfu sem gæti verið leifar af þessari vörðu en hún hefur greinilega verið orðin óljós þegar lýsingin var skrifuð 1890. Á þessum stað er þýft mýrlendi.

Landamerki - varða [543] heimild

„Merkin eru nú bein lína frá grjótvörðunni [541] við sjóinn, yfir þúfuna [542] í mýrinni og alla leið uppá hálsbrún, á línu þessari eru hlaðnar 4ar vörður, sem eru grjótvarðan við sjóinn, á þúfunni í mýrinni, norður á hálsbrúninni ...” segir í landamerkjalyýsingu Hvamms. Ekki er nú hægt að sjá vörðu á þessum stað, skammt norðan þjóðveg.

Landamerki - varða [544] heimild

„Merkin eru nú bein lína frá grjótvörðunni við sjóinn, yfir þúfuna í mýrinni og alla leið uppá hálsbrún, á línu þessari eru hlaðnar 4ar vörður, sem grjótvarðan við sjóinn, á þúfunni í mýrinni, norður á hálsbrúninni og loks þar sem vötnum hallar suður og norður af

⁴⁵ Ö-Hvammur og Hvammsvík Ath AG, 4.

⁴⁶ Landamerkjaskrá 1890

⁴⁷ Landamerkja skrá 1890

hálsendanum, frá þeirri vörðu eru landamerkin alla leið austur eptir hálsinum eptir því sem vötnunum hallar ...” segir í landamerkjalyýsingu Hvamms. Ekki er lengur að sjá vörðu á þessum stað.

Bullhóll [552] heimild um huldufólksbústað

„Utan við [Selveitu], við sjóinn, eru Borgarlaugar og upp af þeim er hóll sem heitir Bullhóll. Þar áttu að hafa heyrst strokkljóð til forna inni í hólum” segir í örnefnaýsingu. Bullhóll er klettur á hólavæði beint fyrir sunnan Borgarlaugar. Hann er suðaustast í Rauðumýri. Hæð í annars þýfðu og sléttlendu landslagi.

Asklok [558] heimild um huldufólksbústað

“Fyrir utan Bullhólslæg [552], niður við sjóinn, kemur mýri, sem nær út að Hálsörkum. Hún heitir Lágamýri. Svo kemur smá klettabelti en fyrir ofan það kemur Breiðamýri, sem nær líka út að örkum. Fyrir ofan Breiðumýri er klettahóll sem heitir Asklok. Þar átti að hafa heyrzt aski skellt til forna”⁴⁸ segir í örnefnaýsingu. Asklok er hæð sunnan við þjóðveginn beint sunnan við sumarþustaðahverfi. Fyrir sunnan er fjallshlíð en fyrir norðan mói.

⁴⁸ Ö-Hvammur og Hvammsvík, 5.



Mynd 21 Garður – túngarður [615] í Hvammstúni.

Garður – túngarður [615] garðlag

Garðlag fannst í Hvammstúni austan við bæjarstæði Hvamms. Þetta garðlag hefur ekki verið skráð áður en það er 38 m langt og mesta breidd er 1.7 m., veggjarhæð er mest 30 sm.

Garðurinn snýr norðaustur-suðvestur. Hann er mjög sokkið og útflattur. Það er ekki að sjá á Túnakortinu frá 1917 að þarna hafi verið túngarður en þó má sjá á kortinu að um það bil þarna séu merkin á milli Hvamms og Hvammsvíkur og gæti þá hafa verið girðing á milli túnanna,

samkvæmt kortinu. Erfitt er að áætla aldur á garðinum en hugsanlega eru þarna leifar af gömlum túngarði frá Hvammi. Fornleifarannsókn á garðinum gæti hugsanlega gefið niðurstöðum um aldur á honum.



Mynd 22 Tóft, torf og grjóthlaðið veggjarbrot [616].

Óþekkt hlutverk [616] tóft

Tóft fannst um 14 m austan við garðlag [615]. Þessi tóft hefur ekki verið skráð áður og er ekki að sjá á Túnakortinu frá 1917 neitt útihús þarna. Aftur á móti í örnefnalýsingum er talað um Kvíaflöt [513], Hring [529] og Hóltóft [530] við og í túninu, hugsanlega eru þetta leifar af þeim minjum. Tóftin er mjög sokkinn og eru veggir greinilegir á tveimur hliðum hennar. Torf og grjóthlaðinn veggur sem snýr norðaustur-suðvestur er 3,48 m x 1,2 m og veggurinn sem mynda síðan horn til vestur er 1,6 m x 1 m. Veggjarhæð er frá 0,20 til 0,40 cm. Erfitt að átta

sig á hlutverki og aldri á tóftinni. Ekki er samt ólíklegt að þarna sé um ræða kví eða aðhald í túninu.



Mynd 23 Bæjarstæði í Hvammsvík myndin er tekin árið 2012.

Hvammsvík

Hvammsvík er, sem áður segir, hjáleiga frá Hvammi en sjálfstætt býli 1847. Talið er að Jón Marteinsson muni fyrstur hafa byggt í Hvammsvík, en hann eignaðist jörðina í makaskiptum við Brynjólf biskup fyrir Eystra-Miðfell á Hvalfjarðarströnd um 1660. Þessi jarðarhluti mun vera þannig til kominn að 12 hundruð úr Hvammi voru erfðahluti Ólafs Hannessonar, bróður Jóns lögréttumanns í Hvammi, sem hann fékk eftir föður sinn 1609. Ólafur seldi síðan Brynjólfi biskupi hlutann og það mun hafa verið þá eða í tíð Jóns Marteinssonar sem Hvammsvík varð að sérstöku býli.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um Kjósarhrepp árið 1705 og þar sögð hafa skipt um eigendur árið 1702.⁴⁹ Þar kemur fram að sr. Oddur Árnason á Kálfatjörn hafði átt jörðina til 1702 en þá hafði eignast hana Markús Brandsson á Vatnsleysu. Þáverandi ábúandi í

⁴⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, Kaupmannahöfn 1923-1924, bls. 433

Hvammsvík leigði einnig hluta af Hvammi og hefur Hvammsvík því ekki verið að neinu leyti minna bú en Hvammur þar sem var tvíþýli og jafnan síðan. Verður ekki af þessu ráðið hvenær var fyrst búið í Hvammsvík, en ætla má af framangreindu að þar hafi að minnsta kosti verið bær frá því í lok 17. aldar.

Er þess sérstaklega getið að ábúandi hafi nokkur afnot af heimajörðinni, en til að mynda engar slægjur af Hvammsey. Yfir tún hjáleigunnar hafi fokið skel og sjávarsandur og engi hennar verið nær eyðilögð af skriðum.

Jarðardýrleiki er talin 12 hundruð og þannig er jörðin einnig metin í Jarðatali Johnsens 1847; sýslumaður taldi hana þó vera verðmeiri á kostnað heimajarðarinnar eða 20 hundruð.⁵⁰


Ábúendur urðu að flytja af henni á árunum 1943-45 á meðan hersetulið var á staðnum.

Bæjarhóll [620] bæjarhóll

“Bærinn Hvammsvík stendur nú á Gvendarhól neðst í túni.” segir í örnefnaskrá⁵¹ Núverandir íbúðarhús stendur um 50 austar en gamli bærinn stóð samkvæmt túnakortinu 1917, en framkvæmdir við hann á fjórða áratugnum hafa greinilega raskað bæjarhólnum að einhverju leyti. Honum hefur einnig verið ýtt til einhvern tíma. Ekki er unnt að greina fornleifar á yfirborði bæjarhólsins. Langmest spjöll hafa verið gerð norðvestantil á hólnum. Hvergi sjást mannvistarleifar á yfirborði. Vestan og norðan við núverandi íbúðarhús er hlað en suðaustan er hinsvegar klettahóll, en þar fyrir sunnan eru slétt tún. Sumarið 1909 tók Sigurgeir Þórðarson býlin Hvammsvík og austurbæinn í Hvammi á leigu, reif báða bæina og byggði einn vandaðan bæ í Hvammsvík og hefur það verið síðasti torfbærinn þar.

⁵⁰ J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, Kaupmannahöfn 1847, bls. 101

⁵¹ Ö-Hvammur og Hvammsvík, 2.



Mynd 24 Útihúsin frá Hvammsvík á túnakortinu frá 1917. Þau eru öll horfin.

Útihús [621] heimild

Útihús hafa staðið u.þ.b. 70 m vestan við íbúðarhúsin í Hvammsvík sjá Túnakort 1917. Þau eru horfin og hafa nær örugglega lent undir heimreiðinni. Þau sjást þó ekki á loftljósmynd frá 1946 og af því má ráða að þau hafi verið jöfnuð við jörðu áður en núverandi heimreið var lögð.⁵² Staðsetning er ónákvæm.

⁵² Loftljósmynd AM 10001/I-I/012 Landmælingar Íslands.

Útihús [622] heimild

Á Túnakortinu frá 1917 má sjá útihús sem hefur staðið 3-4 m norðan við íbúðarhúsin í Hvammsvík. Það er horfið undir bæjarhlaðið. Staðsetning er ónákvæm.

Útihús [623] heimild

Þetta útihús var í túnjaðrinum u.þ.b. 90 m norðaustur af bænum, niður við víkina, og er horfið. Húsið verður ekki greint á loftljósmynd frá 1946 og hefur þá verið jafnað við jörðu. Nú liggur það undir sléttuðu túni. Útihúsið er norður af útihúsum [627] og [624].

Útihús [624] heimild

Á túnakortinu frá 1917 er útihús í túnjaðrinum u.þ.b. 80 m norðaustur af bænum, niður við víkina, og er horfið. Húsið verður ekki greint á loftljósmynd frá 1946⁵³ og hefur þá verið jafnað við jörðu. Nú liggur það undir sléttuðu túni. Útihús er austan við útihús [627] og nær sjónum.

Útihús [625] heimild

Útihús stóð skammt suðaustur af bænum, um 4-5 m, sjá Túnakort 1917. Engin merki eru um það nú og hefur horfið sennilega undir núverandi íbúðarhúsið. Útihúsið hefur staðið þétt við traðirnar [647]

Útihús [627] heimild

Þetta útihús var í túnjaðrinum u.þ.b. 70 m norðaustur af bænum, niður við víkina, og er horfið. Húsið verður ekki greint á loftljósmynd frá 1946 og hefur þá verið jafnað við jörðu. Nú liggur það undir sléttuðu túni. Útihúsið liggur rétt vestan við útihús [624].

⁵³ Loftljósmynd AM 10001/I-I/012 Landmælingar Íslands.

Kálgarður [646] heimild

Á túnakortinu 1917 er 1100 m² kálgarður skammt sunnan við bæinn. Hans sjást varla nein merki lengur og hefur horfið við byggingu núverandi bæjarhúsa og framkvæmda í kringum þau. Það er hugsanlegt að það megi greina leifar af honum suðvestan við íbúðarhúsið og vestan við traðirnar.



Mynd 25 Ógreinilegar hleðslur og dæld sem gætu verið leifar af Kapratættum [629]. Myndin er tekin árið 2012.

Kapratættur [629] tóft

Í suðaustur frá Hvammsvík er holt sem heitir Holtsendi. “Í heimanverðum Holtsendanum eru Kapratættur” eða Kaplatættur, sem er annað heiti á þessum stað og mun það hafa verið almennara heiti á seinni tíð segir í örnefnlýsingu.⁵⁴ Örnefnið gefur til kynna að þar hafi verið

⁵⁴ Ö-Hvammur og Hvammsvík ATH AG, 2.

hús fyrir hryssur. Norðvestast í Bæjarholtinu er dæld og óljósar hleðslur við klettaborg. Dældin er 4x3 m. Hugsanlega eru þetta leifar af þessu húsi. Staðsetning þarna er þó ekki heppileg fyrir hesthús hugsanlega eru Kapratættur að finna þar sem óljósar þústir [652] eru um það bil 115 sunnan við núverandi íbúðarhús.

Mómýri – rista mógrafir [631] heimild

Mómýri er niður við Hvammsvíkina og hefur þar verið tekinn mór. Í örnefnalýsingu segir: ”Hún má heita útgrafin og er hvít af fífu á sumrin”.⁵⁵ Mýri hefur verið ræst fram og eru nú tún þar sem hún var áður. Bresk og bandarísk skálahverfi voru reist beggja vegna mómýrinnar í seinni heimsstyrjöld. Engar mógrafir sýnilegar nema í Kringlumýri [519].

Torfahóll [632] heimild um torftöku

„Þar suður af [Haflíðahól sem er austan við Mómýri] er Torfahóll, sunnan við Hvammsvíkurholt” segir í örnefnalýsingu⁵⁶. Örnefnið vísar sennilega til þess að torf hafi verið þurrkað á hólnum. Torfahóll er fremur grýttur hóll en allt í kring eru holt. Örnefnið kann að vísa til þess að torf hafi verið rist neðan við hólninn. Á loftmynd má sjá tvö svæði [517] og [651] þar sem torf hefur geta verið rist og eru þau ekki svo langt frá Torfahóll.

Kálgarður [646] heimild

Á túnakortinu má sjá kálgarð sunnan við bæjarhúsin í Hvammsvík. Kálgarðurinn var vestan megin við traðirnar. Það má sjá móta fyrir því hvar garðurinn var á vettvangi.

Traðir [647] slóði

Á túnakortinu frá 1917 má sjá hvar traðirnar voru heim að bæ en þær tóku við af leiðinni sem var heimreið frá þjóðleiðinni. Tvær leiðir lágu heim að bæ frá þjóðleiðinni önnur alveg niður við sjó en hin fór yfir Hvammsvíkurholtið. Traðir lágu sunnan við bæinn yfir mómýrina, fast austan megin upp við kálgarð [646] og má sjá móta fyrir tröðum á vettvangi. Hún er sýnum greinilegri á loftmynd.

⁵⁵ Ö-Hvammur og Hvammsvík ATH AG, 2.

⁵⁶ Ö-Hvammur og Hvammsvík, 2.




Mynd 26 Þúst [652] þarna eru hugsanlegar leifar af útihúsi.

Útihús [652] þústir

Um það bil 115 m sunnan við núverandi íbúðarhús er að finna smá þúst eða ójöfnur við traðirnar – heimreiðina að Hvammsvík. Þarna gætu kapratættur verið sjá [629].

Fornleifarannsókn getur bara skorið úr um hvort þetta séu fornleifar. Ekki var hægt að mæla neina tóft þarna en svæði þar sem þústir eru var mælt inn.



Mynd 27 Yfirlitskort sem sýnir vel hvað mikið er varðveitt af herminjum á jörðunum.

Stríðsminjar

Minjar um veru breska og bandaríska hersins í Hvammi og Hvammsvík eru mikilsverð heimild um þátt Íslands í seinni heimsstyrjöld. Leifar mannvirkjanna, sem reist voru í stríðinu, eru minnisvarði um vígbúnað bandamanna gegn ógnum Þriðja ríkisins. Þær hafa jafnvel alþjóðlegt minjagildi.

Friðþór Eydal eignar Hvammsvík kafla í bók sinni Vígðrekum og vopnagný, sem fjallar um Hvalfjörð og hlut Íslands í orrustunni um Atlantshaf og er besta heimildin um þær minjar sem er að finna frá þessum tíma.



Mynd 28 Stjórnstöð [564] breska flotans á Hvammshólum byggt árið 1941, seinna var stjórnstöðinn færð og nýtt hús [640] byggt sunnan við þennan. Það hús stendur ennþá.

Er ítarlega sagt frá umsvifum hersins í Hvammi og Hvammsvík í bók Friðþórs. Kemur meðal annars fram að breski flotinn kom sér upp stjórnstöð í bragga [564] á Hvammshólum árið 1941, þegar umferð skipa um Hvalfjörð hófst fyrir alvöru, en fyrstu hermennirnir hafi komið til Hvammsvíkur ári áður og reist búðir í vestanverðum hólunum ofan við Draganes.

Loftvarnabyssum var komið fyrir hér og hvar, til dæmis á Hvammshólum og í Hvammsey, enda mátti ætla að stjórnstöðin og skipalægið við Hvammsvík yrðu skotmörk þjóðverja ef til átaka kæmi. Bandaríkjafloti bættist í hópinn árið 1942 og varð þá þröngt á þingi.

Hverfi bandaríkamanna hét Falcon Camp og stóð hún austan við Kringlumýri og má sjá á loftmynd sem var tekin 4. október 1943 í það minnsta 19 bragga sem snúa austur-vestur sunnan við þá er minni bragga og fleiri skálar. En stórir steypfir skálar sjást mjög vel.



Mynd 29 Yfirlitskort af herminjum við Bátsmýrina.

Melirnir utan við Hvammshóla þóttu henta fyrir íþrótt- og tómstundaiðkanir sjóliða. “Leigði Bandaríkjafloti í þessu skyni um hálfan annan hektara lands, þar sem heitir Bátsmýri, af bóndanum í Hvammsvík. Sjóliðar af bandarískum herskipum hófu brátt að reisa þarna nokkra bragga yfir starfsemi sína og litla bryggju fyrir skipsbáta. Var þessi aðstaða, sem bandarískir nefndu ýmist Falcon Landing eða Falcon Beach, orðin nokkuð viðunandi í nóvemberlok 1941 með 60 m langri göngubryggju, tveimur sambyggðum bröggum [602-604] fyrir óbreytta, einum fyrir undirforingja og einum bragga [598] fyrir liðsforingja litlu utar við víkina.”⁵⁷

⁵⁷ Friðþór Eydal, 1998. Vígdrekar og vopnagnýr, bls. 119.



Mynd 30 Minjar við Bátsmýri líklega eru þetta leifar af skotfærageymslum [597] sem voru niður grafin hús.

Einnig voru reistar vöruskemmur í Bátsmýri, skotfærageymslur þar innan við og nánast í túnfætinum í Hvammsvík. Þar var einnig yfirmannaklúbburinn í tveimur bröggum og varðstöð sem og við þjóðveginn. Í ársbyrjun 1943 var tómstundaheimili [549] fyrir áhafnir bandarískra kaupskipa valinn staður á Hvammshöfða, en þar var meðal annars að finna “steypiböð, þvottavélar, bar, er seldi kældan kanadískan bjór, og billjarðstofu”.⁵⁸



Mynd 31 Stórir herskálar frá Falcon Camp fyrir neðan mógrafirnar í Kringlumýri. Efst á myndinni er skáli [594], [593] og [614].

⁵⁸ Friðþór Eydal, 1998. Vígdrekar og vopnagnýr, bls. 119.



Mynd 32 Stórir herskálar niður við sjó hjá Bátsmýrinni.

Ljósmyndir frá stríðsárunum eru margar í bók Friðþórs Eydal og sýna mjög greinilega framkvæmdir herliðanna á jörðunum, mannvirki þeirra og loftvarnabyssustæði.

Eins og nærri má geta gætti umsvifa herjanna fljótt á daglegt líf heimilisfólks að Hvammi og í Hvammsvík “svo leiddu til verulegrar röskunar á högum ábúenda. Valgerður Guðmundsdóttir ljósmóðir í Hvammi varð fyrir verulegum átroðningi á jörð sinni. Skemmdist m.a. æðarvarp í landi hennar og sökum stöðugs eftirlits með mannaferðum nærri athafnasvæðum hersins þótti henni illa líft með skepnur við þessar aðstæður. Þá fengu gestir ekki aðgang að bæjunum nema með verulegri fyrirhöfn sökum eftirlitsins. Fór svo að hernaðaryfirvöld fóru fram á að ábúendur flyttu af báðum jörðunum á meðan herlið og floti hefði starfsemi á svæðinu. Var

m.a. borið við hættu sem Hvammsvíkurfólkinu væri búin af skotfærageymslunum sem reistar höfðu verið í túnfætinum í Hvammsvík kæmi til loftárásar eða slyss.”⁵⁹

Kom greiðsla fyrir og fluttu Magnús Eiríksson og Vilborg Runólfsdóttir með börnum sínum sex frá Hvammsvík og hófu búskap að Eyrarkoti 1942. Það ár flutti einnig Valgerður í Hvammi af bæ sínum. Fjölskyldan í Hvammsvík sneri aftur þegar umsvifum þar lauk, en Valgerður var á braut í tvö ár og þegar hún sneri aftur var “ömurlegt um að litast á jörðinni, tún upprifin eftir bílaumferð og æðarvarpið eyðilagt”.⁶⁰

Við lok heimsstyrjaldarinnar glötuðu hernaðarmannvirkin upphaflegu hlutverki sínu og voru nýtt til annarra þarfa eða fjarlægð og eyðilögð. Pólítískt andrúmsloft á kaldastríðsárunum olli því að víða var hart gengið fram í að eyða ummerkjum um veru hersins á Íslandi. Þeim mun athyglisverðari verða þá þær stríðssögulegu minjar, sem orðið hafa eftir, og hefur áhugi almennings og ferðamanna vissulega aukist á þeim.

Herminjar eru margar enn greinilegar í Hvammi og Hvammsvík, fæstar heillegar sem hús eða uppistandandi mannvirki, en allt um það áþreifanlegur vottur um hlutdeild Íslands í orrustunni um Atlantshaf. Ber mest á steinsteyptri stjórnstöðinni [640] efst í Hvammshólum sem reist var 1942 og stendur enn, því að henni var góðu heilli breytt í sumarbústað. Að öðrum kosti má ímynda sér að hún hefði verið jöfnuð við jörðu eins og allflest hinna mannvirkja hersins. Margir grunnar eru þó það vel varðveittir að þeir hafa mikið gildi og ætti að er reyna varðveita þá.

⁵⁹ Friðþór Eydal, 1998. Vígdrekar og vopnagnýr, bls. 111.

⁶⁰ Friðþór Eydal, 1998. Vígdrekar og vopnagnýr, bls. 111.



Mynd 33 Hvammshólar – Castle Hill, en þarna eru meðal annars minjar frá eldri Stjórnstöðinni áður en hin nýja var byggð en það hús stendur ennþá. Það má sjá líka leifar af öðrum húsgrunnum.

Herbúðir Castle Hill Breta

Leifar herbúða í vestanverðum Hvammshólum ofan við Draganes, sem breskur vinnuflokkur reisti um veturinn 1940-1941.⁶¹ Sökum malarnáms eru leifar skotgröfum og grunnum af brögum sem sjást vel á ljósmyndað mestu leyti horfnar á hluta af svæðinu.

Haustið 1942 fékkst bandarískt “vinnuafl frá Hvítanesi til að reisa nýja stjórnstöð fyrir hafnarstjórnann og var hún tekin í notkun á aðfangadag 1942 í steinsteyptri byggingu sem enn stendur þar sem hæst ber á Hvammshólum.”⁶²

⁶¹

⁶² Friðþór Eydal: Vígðrekar og vopnagnýr, bls. 115

„Sjóliðunum var búin staður í skálahverfi stórskotaliðsins að vestanverðu en stjórnstöðin var í einum bragga uppi á Hólunum.”



Mynd 34 Braggagrunnur [581] á Hvammshólum.



Mynd 35 Braggagrunnur [581] á Hvammshólum.

Stríðsminjar Hvammshöfða

Sjómannahéimili [549] húsgrunnur

Steyptur húsgrunnur, 13 x 31 m að flatarmáli, í hallanum frá flæðigrandanum á vestanverðum Hvammshöfða. Um er að ræða leifar Sjómannahéimilis, sem var opnað í maímánuði 1943 fyrir áhafnir kaupskipa í Hvammsvík. “United States War Shipping Administration annaðist stjórn bandaríska kaupskipaflotans og skip á vegum Bandaríkjanna í styrjöldinni. Völdu fulltrúar þess tómstundaheimili fyrir sína menn stað á Hvammshöfða þar sem ekki var talið heppilegt að blanda sjómönnum kaupskipaflotans og sjóliðum saman við tómstundaiðkun sína. Hefur þá vafalaust verið haft í huga að bjór yrði á boðstólum.”⁶³

⁶³ Friðþór Eydal: Vígdrekar og vopnagnýr, bls.119.

Braggar Hvammshöfða [637-638-639] og gata [642]

Efst á Hvammshöfða eru fimm steiptir húsgrunnar. Umhverfis þá voru leifar af girðingu. Þrír þeirra sjást vel á loftmynd en ekki var farið út í höfða til að mæla þessa húsgrunna. Það lá leið frá sjómannaskálanum [549] upp í þessar braggabyggð.

Samantekt

Í þessari skráningu var skráð langt út fyrir það svæði sem er verið að skipuleggja en var það gert til að fá yfirlit yfir allar minjarnar og sem mun þá nýtast í framtíðinni og uppfyllir kröfur Minjastofnunnar Íslands. Það voru skráðar 80 fornleifar, 48 fornleifar úr heimildum þar sem ekki sést til minja á staðnum eða geta verið huglægar minjar. Herminjar voru 72 minjar.

Á þeim svæðum sem breytingar á skipulaginu nær til þá voru engar fornleifar skráðar við Bátsmýrina og engar sýnilegar minjar við Hvammsvík. Við Hvammsvík er þó að finna fjöldann allan af útihúsum sem aðeins eru til heimildir um.

Í Hvammsvík sjást engar fornleifar næst bænum og þar sem er fyrirhugað að skipuleggja byggð. En heimildir eru fyrir því að útihús hafi staði í túninu og það er hugsanlegt að leifar af þeim finnist undir yfirborði. Þarf því að skoða sérstaklega hvort þurfi að kanna svæðið áður en framkvæmdir hefjast.

Í Bátsmýrinni er finna fjöldann allan af herminjum og er mikilvægt að reyna varðveita þær og nýta í skipulaginu. Það eru þarna sérstaklega vel varðveittir grunnar undan herskálum og niðurgrafið mannvirki þar sem skotvopn voru geymd. Var svæðið kallað Falcon Landing eða Falcon Beach. Þar hafði flotinn talsverð umsvif, reisti lítið braggahverfi og gerði bryggjur.

Sé haft í huga hve mikið hefur verið rótað á jörðunum Hvammi og Hvammsvík í Kjós á þessari öld, kemur í sjálfu sér ekki á óvart að fornminja, sem getið er í heimildum og vænta má á jörð þar sem verið hefur samfelld búseta frá landnámi, sjái óvída stað nú orðið.

Þótt tún hafi verið sléttuð óvenju snemma, eins og sést á túnakorti sem var gert árið 1917, og mýrar ræstar fram, leikur ekki vafi á að framkvæmdir á vegum hersins í seinni heimsstyrjöld og síðar Laxalóns vegna golfvallar valdi mestu um að fornleifar hafa horfið af yfirborði jarðar eða týnst með öllu. Hugsanlega eru rústir Hvammskirkju undir þar sem var karlateigur númer 1 hún gæti líka leynst í bæjarhólnum norðan og vestan við núverandi hús.

Nú ber ekki svo að skilja að allt sem markvert má telja í fornleifafræðilegu tilliti sé glatað, því að margt getur leynst í jörðu. Við þessa fornleifaskráningu hefur verið leitast við að geta alls slíks, sem þekkt er af heimildum og/eða sést á yfirborðinu, auk þess sem herminja eru gerð veruleg skil. Má því ætla að skráningin verði gagnleg bæði frá sjónarhóli fornleifafræði og minjaverndar í landinu sem og skipuleggjanda á svæðinu.

Sauðhóll sunnan við Þjóðveginn, beint upp af heimreið Hvammsvíkur, og gerði í sunnanverðum Hvammshöfða eru áhugaverðar rústir. Sauðhóll var fjárrétt á þessari öld, en er þannig frá náttúrunnar hendi að telja verður líklegt að hann hafi þjónað sama tilgangi frá öndverðu. Hleðslurnar eru hrundar, en þeirra sjást enn merki. Gerðið er stór hringlaga rúst og hafa verið fjögur hólf utan í henni sunnanverðri. Rústin er mjög gróin og sýnist forn. Vernda ber bæði Sauðhól og gerði þetta.

Á túnakortinu frá árinu 1917 eru teiknuð sex útihús við Hvammsvík, en þau sjást ekki lengur, og af tíu útihúsum við Hvamm eru í það minnsta sjö horfin. Þær rústir, sem enn sjást, virðast ekki vera af gömlum mannvirkjum. Sennilega eru þær leifar útihúsa sem reist voru um eða laust fyrir aldamótin síðustu. Eru þau samt sem áður athyglisverðar minjar um horfna búskaparhætti og sjálfsagt að reyna að varðveita þau.

Varðveitt eru gripahús [518] [520] og [512] sem eru langt fyrir utan túnin eru ekki í neinni hættu við þessar framkvæmdir en þær höfðu raskast á sínum tíma vegna framkvæmdar við golfvöllinn. Tvær þeirra eru sennilega frá fyrri hluta 20. aldar en þriðja þeirra gæti verið eldri. Útihús [512] var mælt upp en ekki hin húsin í þessari skráningu.

Fiskbyrgið í Draganesi er afskaplega lítilfjörlegt orðið, en rétt hjá því er varðveittar leifar af nausti-skiparétt.

Þótt fornar minjar virðast vera af skornum skammti í Hvammi og Hvammsvík bera bæjarhólarnir báðir vitni um búsetu í langan tíma. Að vísu er búið að ýta hólnum í Hvammi

nokkuð til og slétta fyrir plani og vafalaust hefur nýbygging árið 1932 raskað honum að einhverju leyti. Sama á við um Hvammsvík, þar sem byggt var á svipuðum tíma.

Í októbermánuði 1997 var grafið fyrir vatnslögn í báða þessa bæjarhóla. Við þær framkvæmdir komu engar fornleifar í ljós í Hvammsvík en í Hvammi fundust mannvistarleifar allt frá landnámi. Er ljóst að víða er að finna fornleifar á jörðunum, þótt þær megi ekki alltaf greina á yfirborðinu.

Þess má svo að lokum geta, að forvitnilegt gæti verið að ráðast í leit í túninu og við bæjarhólinn að Hvammskirkju til dæmis með jarðsjármælingum. Þótt talið sé að leifar hennar megi finna vestan við núverandi íbúðarhús hefur það ekki verið sannreynt.

Fæst þessara mannvirkja í kringum bæjarhólana eru sýnileg á yfirborði. Því verður ávallt að hafa sérstaka gát við hvers konar jarðrask og leita samráðs við Minjastofnun Íslands áður en ráðist er í meiriháttar framkvæmdir. Svæðið sem talið er líklegt að fornleifar finnist er auðkennt sérstaklega á kortum nr. 3 og nr.5 með rauðum hring.

Skipuleggjendur útivistarsvæðis á þessum stað eiga kost á að samræma útivist og minjavernd á nýstárlegan hátt, ekki aðeins með því að varðveita fornminjar heldur og með því að taka mið af stríðsminjunum, sem vissulega eru einstakar heimildir um sögu lands og héraðs.

Heimildir

Dan. Daníelsson: *Í áföngum*, Reykjavík 1937

Íslenzkt fornbréfasafn III, IV, VII, XV, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972

Friðþór Eydal. 1998. *Vígdrekar og vopnagnýr. Hvalfjörður og hlutur Íslands í orrustunni um Atlantshafið*. Reykjavík.

Íslenzk fornrit I, XIII, Reykjavík 1993

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, XIII, Kph. 1923-1924

Sturlungasaga I, Reykjavík 1946

Sveinn Nielsson: *Prestatal og Prófasta*. Hið íslenska bókmenntatal, Reykjavík 1950

Ásta Hermannsdóttir, Birna Lárusdótti, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir og Unnur Magnúsdóttir. *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I*. FWS394-07121. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2008.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Ragnheiður Traustadóttir. 1998. *Fornleifar í Hvammi og Hvammsvík*. FS045-97061. Árbæjarsafn/Fornleifastofnun Íslands.

Gullbringu- og Kjósarsýsla. Sýslu- og sóknalýsingar. Útg. Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson. Reykjavík: Sögufélag, 2007.

Íslenzkt fornbréfasafn, XII. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1923-1932.

Íslenzkt fornbréfasafn, XIII. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1933-1939.

Íslenzkt fornbréfasafn, XIV. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1944-1949.

Íslenzk fornrit, I. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1968.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla, III. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1923-1924.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu. Útg. J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

Kort og landamerkjaskrár

Landamerkja skrá 1890

Árnastofnun - Örnefnasafn

Óprentaðar heimildir

Þjóðskjalasafn Íslands

Uppdrættir af tünun 1917. Hvammur og Hvammsvík í Kjósarsýslu.

Árnastofnun - Örnefnastofnun

Ö-Hvammur og Hvammsvík: Örnefnalýsing Hvamms og Hvammsvíkur. Einar Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hvammur og Hvammsvík Ath AG: viðbætur við örnefnalýsingar Hvamms og Hvammsvíkur, Svavar Sigmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hvammur og Hvammsvík. Athugasemdir og viðbætur. Örnefnastofnun Íslands.

Landmælingar Íslands

Loftljósmynd AM 10001/I-I/012.